

**32. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
1. mars 2016 og hófst hann kl. 16:30**

**Fundinn sátu:**

Sigríður Indriðadóttir formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Kristinn Hallur Sveinsson aðalmaður, Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigrún Inga Guðnadóttir áheyrnarfulltrúi og Svala Kristín Hreinsdóttir deildarstjóri skólaþróunar og sérfræðiþjónustu.

**Fundargerð ritaði:** Svala Hreinsdóttir, deildarstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1602262 - Áheyrnarfulltrúi ungmennaráðs Akraness í skóla- og frístundaráði**

Á fundi skóla- og frístundaráðs Akraneskaupstaðar, sem haldinn var þann 30. október 2015, lagði ráðið til við bæjarstjórn að samþykkt verði að ungmennaráð á Akranesi eigi áheyrnafulltrúa með tillögurétt í skóla- og frístundaráði þegar máliefni ungmenna eru á dagskrá. Ráðið lagði einnig til að Ungmennaráð Akraness setji sér reglur um val á fulltrúa. Bæjarstjórn samþykkti tillögu skóla- og frístundaráðs samhljóða.

Á fundinn mættu Heiðrún Janusardóttir verkefnastjóri æskulýðs- og forvarnarmála og Jón Hjörvar Valgarðsson áheyrnarfulltrúi ungmenna í skóla- og frístundaráði.

*Ungmennaráð Akraness hefur tilnefnt Jón Hjörvar Valgarðsson formann ungmennaráðs sem áheyrnafulltrúa ungmenna í skóla- og frístundaráði. Jón Hjörvar mætir nú á sinn fyrsta fund hjá ráðinu og bjóða ráðsmenn hann sérstaklega velkominn til samstarfs.*

**2. 1510184 - Bæjarstjórnarfundur unga fólksins 2015**

Bæjarstjórnarfundur unga fólksins var haldinn þann 17. nóvember 2015. Formaður ungmennaráðs hefur nú tekið saman þau erindi sem vísað er til skóla- og frístundaráðs til umfjöllunar.

Erindin snúa að:

\*mötuneytum grunnskólanna, þar sem ungmennaráð Akraness skorar á skóla- og frístundaráð að skoða þann möguleika að bæta aðstöðuna í eldhúsum grunnskólanna þannig að hægt verði að elda þar mat frá grunni.

\*róbotabörnum, sem mikilvæg forvörn til að koma í veg fyrir ótímbærar þunganir. Ungmennaráð Akraness leggur til að í stað þess að leigja róbotabörn væru keypt 10 róbotabörn og verkefninu dreift yfir skólaárið

\*skólolóðir grunnskólanna, þörf á fjölgun leiktækja og áhalda fyrir unga og eldri nemendur. Ungmennaráð Akraness bendir á ýmsar leiðir og áhöld til úrbóta

\*tilnefningu fulltrúa ungmenna í skóla- og frístundaráð. Ungmennaráð Akraness hefur tilnefnt Jón Hjörvar Valgarðsson formann ungmennaráðs sem áheyrnafulltrúa ungmenna í skóla- og frístundaráði.

*Skóla- og frístundaráð þakkar ungmennaráði Akraness fyrir erindin.*

*Mötuneyti: Starfshópur hefur verið skipaður til að fjalla um mótneyti í leik- og grunnskólum. Hlutverk starfshópsins er að endurskoða rekstur, starfshætti og stefnu mótneyta í leik- og grunnskólum Akraneskaupstaðar. Skóla- og*

XHS 12

SL  
RW

frístundaráð felur starfshópnum að taka erindið frá Ungmennaráði Akraness til umfjöllunar og skila niðurstöðum til skólaráðs í lok maí 2016.  
Róbótabörn: Róbótabarnaverkefnið er eitt af forvarnarverkefnum sem Akraneskaupstaður hefur tekið þátt í undanfarin ár. Ekki er gert ráð fyrir kostnaði við þetta verkefni í fjárhagsáætlun skólanna árið 2016.  
Skóla- og frístundaráð óskar eftir hugmyndum frá Ungmennaráði Akraness um forgangsröðun forvarnarverkefna barna og ungmenna til næstu ára, meðal annars í tengslum við endurskoðun á verkefnaáætlun Velferðarstefnu Akraneskaupstaðar.

Skólalóðir: Áætlað hefur verið fyrir framkvæmdum og viðhaldi á lóðum stofnana Akraneskaupstaðar fyrir árið 2016. Skóla- og frístundaráð hvetur til þess að haft verði samráð við notendur stofnanalóða varðandi hugmyndir og skipulagsvinnu.

Tilnefning áheyrnarfulltrúa: Skóla- og frístundaráð þakkar Ungmennaráði Akraness fyrir að tilnefna áheyrnarfulltrúa úr þeirra röðum í skóla- og frístundaráð.

### 3. 1601433 - Æskulýðsráðstefnan "Frítíminn er okkar fag"

Ráðstefnan „Frítíminn er okkar fag“ var haldin þann 16. október 2016. Hvattinn að þessari ráðstefnu var skýrslan Stefnumótun í æskulýðsmálum. Lengi hefur verið kallað eftir heildstæðri stefnu um æskulýðsmál, sérstaklega innan sveitarfélaga og þeirra er vinna á vettvangi frítímans.

Heiðrún kynnti helstu niðurstöður ráðstefnunnar "Frítíminn er okkar fag" sem haldin var 16. október 2015.

### 4. 1403206 - Samningur um rekstur summar- og leikjanámskeiða fyrir 6-10 ára börn á Akranesi, 2014, 2015, 2016

Samningur er milli Akraneskaupstaðar og Skátafélags Akraness um rekstur summar- og leikjanámskeiða fyrir 6-10 ára börn á Akranesi, sumrin 2014, 2015 og 2016. Samkvæmt samningi leggur Skátafélagið fram rekstrarskýrslu fyrir rekstrinum á námskeiðunum ár hvert fyrir skóla- og frístundaráð.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:30.

Sigríður Indriðadóttir  
Rannveig Óskarsdóttir  
Sigrún Inga Guðnadóttir  
Jón Hjörvar Valgarðsson  
Guðrún Jannisdóttir  
Kristinn H. Sveinsson  
Ásthildur Óðóð Þógvorsdóttir  
Sigríður Hrafnssdóttir